

# M EGIN S T OÐ

BLAÐ MS-FÉLAGS ÍSLANDS

2. tbl. 2014 31. árg.





# Efnisyfirlit

Þjónusta MS-félagsins	2
Frá formanni	3
Félagsstarf á haustönn	5
Fjörug sumarhátíð og alþjóðadagur MS	6
Fullkominn dagur	8
Aðgengi skiptir máli	9
Fampyra 40:60	10
Einföld aðferð, flókin framkvæmd	16
MS-fólk stjórni sínu lífi	20
Heiða Björg kosin varaformaður NMSR	23
Námskeið á vegum MS-félags Íslands	24
Fjölbreytni og frumlegheit á vinnustofunni	27
Alltaf eitthvað í gangi	28



MS FÉLAG ÍSLANDS

## MeginStoð

2. tbl. 2014, 31. árg.

ISSN 1670-2700

### Útgefandi:

MS-félag Íslands,  
Sléttuvegi 5,  
sími 568 8620, fax: 568 8621  
netfang: msfelag@msfelag.is,  
heimasíða: msfelag.is

### Ábyrgðarmaður:

Berglind Guðmundsdóttir

### Ritstjóri:

Páll Kristinn Pálsson

### Auglýsingar:

Óflun ehf.

### Umbrot og prentun:

Prentmet ehf.



Forsíðumyndina tók Páll Kjartansson.

## Frá skrifstofu:

# Þjónusta MS-félagsins

**Skrifstofa félagsins** að Sléttuvegi 5 í Reykjavík er opin virka daga frá kl. 10-15. Sími 568 8620 og netfang msfelag@msfelag.is. Skrifstofustjóri er Ingdís Línal. Á skrifstofu starfa í sjálfböðavinnu Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir. Þær hafa allar reynslu af MS-sjúkdómnum og þekkja vel til starfsemi félagsins.

Á skrifstofu má nálgast upplýsingar um starfsemi félagsins og fá bækl- inga, blöð og fræðsluefni tengt sjúkdómnum.

Starfsmaður á skrifstofu sér um skráningu á námskeið, bókar íbúðina og viðtalstíma hjá félagsráðgjafa og formanni.

Á skrifstofu eru til sölu minningarkort og tækifæriskort. Minningarkortin má panta í síma 568 8620 eða á msfelag@msfelag.is. Hægt er að greiða með greiðslukortum, millifærslu eða gíróseðli.

**Félagsráðgjafi.** Margrét Sigurðardóttir, félagsráðgjafi, er með viðtalstíma á föstudögum. Hægt er að panta viðtalstíma eða símaviðtal. Margrét hefur starfað lengi hjá félaginu og hefur góða þekkingu á MS-sjúkdómnum. Hún er einnig vel að sér um ýmis réttindamál. Hún sér um að skipuleggja nám- skeið fyrir nýgreinda, makanámskeið og foreldranámskeið.

**Formaður** er með viðtalstíma á þriðjudögum kl. 13-15 eða eftir samkomu- lagi. Gott er að hringja á undan sér og athuga með tíma.

**Svæðanuddari** er með viðveru á mánudögum. Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 898 2970 (Ingdís).

**Á vefsíðu og fésbókarsíðu** félagsins eru reglulega birtar fréttir sem tengjast félaginu og félagsmönnum og upplýsingar um viðburði. Á vefsíðu- unni er einnig að finna fræðslu um sjúkdóminn, myndir frá félagsstarfi og annan fróðleik auk upplýsinga um MS-Setrið. Þar er einnig að finna upplýs- ingar um spjallhópa og tengiliði félagsins víða um land. Hægt er að sækja um styrk til félagsins til að koma á fót og/eða efla spjallhópa utan höfuð- borgarsvæðisins.

**Íbúð MS-félagsins** að Sléttuvegi 9 í Reykjavík stendur félagsmönnum og aðstandendum til boða. Íbúðin er í lyftuhúsi og sérútbúin fyrir fatlaða.

Purfi leigjendur á heimaþjónustu eða heimahjúkrun að halda á meðan þeir dvelja í íbúðinni, þarf leigjandinn sjálfur að ganga frá því áður en hann kemur í íbúðina. Sótt er um heimaþjónustu hjá Þórdísi Lindu Guðmundsdóttur í Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis, Síðumúla 39, í síma 411 1500. Sótt er um heimahjúkrun hjá móttökuteymi Heimaþjónustu Reykjavíkur í síma 411 9600.



ÍSLENSK VERÐBRÉF

# Frá formanni

Kæru félagar

Alþjóðadagur MS var haldinn hátíðlegur á Sléttuveginum 28. maí. Þemað að þessu sinni var FULLKOMINN DAGUR. Þemað vakti upp margar spurningar og hugleiðingar um stöðu MS-fólks. Fullkominn dagur væri sá dagur sem MS-sjúkdómurinn væri ekki hindrun. Þarna skiptir hugurinn og viðhorf okkar til lífsins miklu máli, það að líta ekki á sjúkdóminn sem hindrun og finna ástríðu sína í lífinu.

Síðastliðið vor heimsótti Daninn Henrik Wessmann okkur í MS-félagið og kynnti bók sína Passion (Ástríða) en þar leggur hann áherslu á að við verðum að lifa með sjúkdómnum en ekki vinna gegn honum. Bókin segir á einlægum hátt frá viðhorfum 18 einstaklinga með MS, hvernig þeir nálguðust ástríður sínar á annan og nýjan hátt og hvað hefur gefið þessu fólki kraft til að lifa góðu og innihaldsríku lífi með MS. Henrik Wessmann fékk MS-greiningu 2009, þá rétt rúmlega fertugur að aldri. Hann þekkir því af eigin raun hvaða tilfinningar og óvissa um framtíðina bærast í hjarta þess sem fær greiningu um langvinnan sjúkdóm. Henrik er staðráðinn í því að lifa með sjúkdómnum á jákvæðan og kraftmikinn hátt og miðla því til annarra. Henrik fann ástríðu sína í ljósmyndun.

Ég hvet fólk til að finna tilgang sinn og ástríðu í lífinu og láta ekki hindranir stöðva sig. Einn félagi okkar fór í fallhlífarstökk og lét með því draum sinn rætast. Margir nýttu sér reiðnámskeið sem haldið var í samvinnu við Hestamannafélagið Hörð á árinu og létu drauminn rætast um að komast á hestbak. Þetta sýnir okkur að MS-fólk tekst á við áskoranir og lætur drauma sína rætast.



Berglind Guðmundsdóttir.

Félagið tekur þátt í verkefninu „Aðgengi skiptir máli“ en tilgangurinn er að vekja athygli á aðgengi og þeim hindrunum sem verða á vegi þeirra sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða. Það er enn langt í land með að aðgengi að opinberum byggingum og verslunum sé viðunandi. Víðast hvar er til dæmis ekki fylgt eftir reglum um merkingar og aðgengi við bílastæði ætluð hreyfihömluðum. Þrep og tröppur án handriða og skábrautir eru ekki alls staðar til staðar. Margt er unnt að lagfæra með útsjónarsemi og litlum tilkostnaði.

Ekki er unnt að segja til um framgang sjúkdómsins við greiningu þar sem tíminn einn leiðir í ljós hvernig einstaklingnum vegnar. Óvissan er slæm og margar spurningar vakna, til dæmis varðandi nám, starfsframa, barneignir og lífsafkomu. Enn er orsök sjúkdómsins ekki fundin, né lækning við honum. Lyf gera sitt gagn en það er alltaf óvissa um hvort lyfið skili árangri og eins hvort aukaverkanir verða innan þolanlegra marka. Ný lyf hafa vissulega skilað góðum árangri, þá sérstaklega hjá þeim sem eru með mjög virkan sjúkdóm og tíð köst. Verið er að þróa og prófa mörg lyf við MS og vonandi kemur MS-töflulyfið Tecfidera á markað hér á landi fyrir árslok. Á Íslandi búum við sem betur fer við gott aðgengi að lyfjum og heilbrigðisþjónustan er með því besta sem gerist í Evrópu.

Að lokum vil ég hvetja félagsmenn til að nýta sér þau námskeið og þá þjónustu sem MS-félagið stendur fyrir. Ég þakka öllum þeim sem hafa styrkt félagið með einum eða öðrum hætti og gert okkur kleift að halda úti öflugum starfi.

Berglind Guðmundsdóttir

Fjarorka  
græn orka er okkar fag

Tobis ehf

ISNIC

HS ORKA HF

samskip

VERKÞING

# Styrkir til félagsins og þakkir

MS-félagið þakkar öllum þeim sem styrktu félagið á liðnu ári. Félagið hefur nær enga fasta tekjustofna og því eru styrkir og gjafir til félagsins undirstaða allrar starfsemi og gera félaginu kleift að halda úti öflugri þjónustu við félagsmenn sína.



**Svölurnar**, góðgerðarfélag flugfreyja og flugþjóna, gáfu MS-félaginu eina milljón kr. í tilefni 40 ára afmælis þeirra.



**Ingunn Guðmundsdóttir** færði MS-félaginu 135.000 kr. að gjöf í tilefni 80 ára afmælis síns en dóttir hennar er með MS-sjúkdóminn.



Ingdís Lindal, skrifstofustjóri MS-félagsins og Edda Heiðrún Backman listakona með bóka-merkið góða.

## Símasöfnun

Í ár var efnt til símasöfnunar meðal almennings, eins og mörg undanfarin ár. Viðtökur hafa verið góðar og kunnum við öllum sem styrktu félagið bestu þakkir fyrir. Í tilefni söfnunarinnar lét MS-félagið hanna bóka-merki þar sem framhlið merkisins prýðir mynd eftir Eddu Heiðrúnu Backman og bakhlið gefur upplýsingar um sjúkdóminn. Þeir sem styrktu félagið um 3.000 kr. eða meira fengu bóka-merki að gjöf.

**Reykjavíkumaraþon 2014.** MS-félagið þakkar þeim sem hlupu til styrktar félaginu og þeim sem styrktu hlauparana með framlögum.



Nokkrir hlauparar MS-félagsins í Reykjavíkumaraþoninu 2014. Alls námu áheitin 1.266.750 krónum, sem er að sjálfsögðu alveg stórglæsilegt! Peningarnir renna til útgáfu fræðsluefnis fyrir MS-fólk, aðstandendur, skóla og heilbrigðisstarfsfólk.



# Félagsstarf á haustönn

## Aðalfundur MS-félagsins

verður haldinn í MS-húsinu laugardaginn 20. september kl. 13. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.



## Fræðslufundur

Guðlaug Gísladóttir, næringarfræðingur á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, mun halda erindi um mataræði og næringu. Guðlaug hefur reynslu af því að ráðleggja fólki með taugasjúkdóma um mataræði. Fræðslufundurinn verður auglýstur nánar á heimasíðu og fésbókar síðu félagsins þegar tíma-setning liggur fyrir.



## Bíókvöld

Miðvikudaginn 15. október kl. 20 verður kvikmyndin „When I Walk“ sýnd í MS-húsinu. Myndin hefur vakið athygli MS-fólks úti í hinum stóra heimi en leikstjóri hennar er ungur kvikmyndagerðarmaður sem er með MS. Myndin fjallar um hvernig hann tókst á við greininguna og sjúkdóminn, leit hans að lækningu og sínum innri manni. POPP OG KÓK í boði félagsins.

## Jólaball

verður haldið laugardaginn 13. desember kl. 13-15 í Safnaðarheimili Grensáskirkju.

# Jólakort og jólaskraut til sölu um jól

Að venju mun MS-félagið selja jólakort nú fyrir jólin. Kortið í ár prýðir mynd eftir Tolla. Sjó kort í pakka kosta 1.000 kr.

Auk kortanna mun félagið selja jólaskraut í líkingu við það sem félagið seldi fyrir nokkrum árum síðan og naut mikilla vinsælda. Um er að ræða þrjár mismunandi gerðir sem hannaðar voru fyrir félagið og unnar úr filti. Sex stykki (2x3) eru saman í fallegri pakkningu á 1.500 kr. –



Tilvalið sem tækifærisgjöf um jólin eða í jólapakkann!

Félagið selur einnig eldri jólakort með fallegum fuglamyndum Eddu Heiðrúnar Backman, 8 stk. í pakka á 1.000 kr. og minni tækifæriskort með sömu myndum, 6 stk. í pakka á 1.000 kr.

Upplýsingar um sölustaði verða auglýstir þegar nær dregur jólum á vefsíðunni msfelag.is og á fésbókar síðu félagsins.

# Fjörug sumarhátíð og alþjóðadagur MS

Alþjóðlegi MS-dagurinn var haldinn hátíðlegur með sumarhátíð MS-félagsins sem haldin var í sjötta sinn 28. maí síðastliðinn. Mikill fjöldi góðra gesta heimsótti MS-húsið enda var skemmtileg dagskrá í boði og blíðskaparveður.



Leikhópurinn Lotta fór á kostum og Pollapönkarar náðu upp gríðarlega góðri stemmningu þegar börnin sungu með og dönsuðu af mikilli innlifun. Atlantsólíubíllinn bauð upp á pylsur og drykki og MS-félagið upp á Pollapönk-ís og ávexti. Þar að auki var hægt að fá blóðrur og annað gott eða gagnlegt í sjúkrabjálfunarsal þar sem Eirberg, Fastus, Stoð og Öryggismiðstöðin voru með sýningu á hjálpartækjum. ÖBÍ gaf skrautleg buff og vakti með þeim at-  
hygli á betra samfélagi án fordóma.

Sumarhátíðin þótti takast einstaklega vel í alla staði en um undirbúning og framkvæmd sá Ingdís Líndal, skrifstofustjóri félagsins.

Sumarhátíðin fór að venju fram sam-  
hliða Alþjóðlega MS-deginum, sem haldinn er hátíðlegur um allan heim síðasta miðvikudag maí-mánaðar ár hvert. Dagurinn er skipulagður af MSIF, alþjóðasamtökum MS-félaga. Á hverju ári er lögð áhersla á eitthvað málefni er snertir MS-fólk. ■







## Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum Sí, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.



Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

Ýmis úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálslí 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**HB GRANDI**

# Fullkominn dagur

Í ár var áhersla alþjóðadagsins á aðgengi, í víðasta skilningi þess orðs. Af því tilefni bað MS-félagið fólk með MS og aðstandendur þeirra um að velta fyrir sér hvaða hindranir væru í vegi fyrir því að það fengi óskir sínar uppfylltar um óheft aðgengi að samfélaginu, til dæmis aðgengi að lyfjum, heilbrigðisþjónustu, ferðaþjónustu, skóla, vinnu og tómstundum. Fólk var einnig beðið um að velta fyrir sér hvernig það sæi fyrir sér hinn fullkomna dag.

Ef framtíðardraumar þeirra sem sendu inn drauma sína um sinn fullkomna dag munu rætast, þeim og öðrum til gleði og hagsbóta, þá verður gaman að lifa:

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... ég get farið í Kringluna, Smáralindina, IKEA og miðbæinn og get leigt mér (eða fengið lánað) viðeigandi rafmagnsskutlu.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... aðstandendur þurfa ekki að taka sér frí frá vinnu svo ég komist til læknis.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... ég fæ svör og læknaþjónustu í heimabyggð.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... ég nýt ferðaþjónustu á milli sveitarfélaga.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... allt aðgengi er í lagi fyrir alla.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... við fáum páskaegg frá MS.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... allar verðslanir og veitingahús verða með merki á áberandi stað um aðgengi fyrir alla. Þannig veit ég að allir eru velkomnir og ég get þá óskað eftir aðstoð eða hjálpartæki, eins og rampi, til að komast inn og út ef tröppur hamla för.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... búið er að ganga frá gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilstaðavegur svo ég komist um þau á hjólastólnum mínum.



**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... ég þarf ekki að ferðast um langan veg til að hitta lækni eða fá lyfjameðferð.

**FULLKOMINN DAGUR** – er þegar ... systir mín, sem er með MS, þarf ekki að bíða í marga mánuði eftir tíma hjá taugalækni.

**MÍN FRAMTÍÐARSÝN** er að samfélagið sé þannig að það sé aðgengi fyrir alla að upplýsingum, þjónustu, menntun, tómstundastarfi og öllu húsnæði. Það eru mannréttindi fólks að geta tekið virkan þátt í samfélaginu.

**MINN FULLKOMNI DAGUR** felst m.a. í því að geta gengið að allri lækniþjónustu vísri í heimabyggð, þ. á m. aðgengi að lækni með hið minnsta góða þekkingu og reynslu af MS-sjúklingum. Ennfremur gætu allir, à þessum degi, komist allra ferða sinna og inn í hvaða byggingar sem er, hvort sem þeir eru hreyfihamlaðir eða ekki. Dagurinn einkennist einnig af óhindruðum aðgangi að afþreyingarefni, bæði fyrir þá sem þjást af skertri eða engri sjón eða heyrn og þá sem eru óskertir að þessu leyti. Umfram allt þá er dagurinn fullkominn þegar allir hafa raunverulega jöfn tækifæri til að framkvæma allar lífsins þrautir og þegar umhverfið hefur verið hreinsað af hindrunum. Aðgengi er mannréttindi og án þess einangrumst við í tilveru okkar og náum ekki að tengjast samfélaginu með heilbrigðum hætti. Fullkominn dagur er þegar samfélagið er opið öllum. ■



# Aðgengi skiptir máli

MS-félagið, MND-félagið, SEM-samtökin og Sjálfsbjörg hrundu af stað verkefninu AÐGENGI SKIPTIR MÁLI í apríl síðastliðnum með birtingu heilsíðuauglýsingar í Fréttablaðinu og opnun fésbókarsíðunnar „Aðgengi skiptir máli“. Á síðunni er skorað á fólk að það reyni markvisst að nýta sér þjónustu þeirra fyrirtækja sem bjóða ALLA velkomna með góðu aðgengi.

## Sjö þúsund í hjólastól

Hugmyndina að verkefninu fékk Arnar Helgi Lárusson, formaður SEM-samtakanna, sem heldur utan um verkefnið og fésbókarsíðuna.

Aðgengi einstaklinga að vörum og þjónustu er eitt af grundvallarmannréttindum þeirra og því mikilvægt að allir geti notið þeirra réttinda – óháð því hvort þeir eru hreyfihamaðir eða ekki. Til að koma á umbótum hérlendis í aðgengismálum þá hefur samtakamáttur samfélagsins gríðarleg áhrif. Ef allir taka sig saman um að hvetja verslanir, fyrirtæki og stofnanir til að huga að aðgengismálum sínum fyrir alla, geta hlutirnir aðeins breyst til batnaðar. Það ber að hafa í huga að hreyfihamað fólk er ekki einangrað í edli sínu heldur hefur það verið einangrað frá samfélaginu þar sem því hefur ekki verið tryggt aðgengi að því sem flestum þykir sjálfsagt.

Áætlað er að um 7.000 Íslendingar noti hjólastól til að komast um og eru þá ótaldir þeir sem eiga við annarskonar hreyfihömlun að stríða. Standi að meðaltali um 16 manns fjölskyldu og vina að hverjum hjólastólanotanda þá skiptir gott aðgengi máli fyrir um að minnsta kosti þriðjung þjóðarinnar.



## Deilum fésbókarsíðunni

Verkefnið „Aðgengi skiptir máli“ hefur undið upp á sig því í sumar funduðu fulltrúar MS-félagsins, Heilaheilla, MND-félagsins, Parkinson-samtakanna, SEM-samtakanna og Sjálfsbjargar með Öryrkjabandalaginu til að kanna hvað bandalagið gæti gert til að vinna að bættum aðgengismálum. Fleiri fundir eru fyrirhugaðir.

Verður fróðlegt að sjá hvort hægt verði að beina athygli samfélagsins og forsvarsmanna verslunar og þjónustu að aðgengismálum hreyfihamaðra og verður lögð aukin áhersla á að þjónusta alla samfélagshópa.

Björg Ásta Þórðardóttir, varamaður í stjórn MS-félagsins, hefur tekið að sér að sjá um og vera fulltrúi félagsins í aðgengismálum.

MS-félagið hvetur alla til að fara inn á fésbókarsíðuna „Aðgengi skiptir máli“, líka við síðuna og deila henni til ættingja og vina. ■



# Fampyra 40:60

Samantekt: Páll Kristinn Pálsson

Lyfið Fampyra kom á markað fyrir nokkrum misserum. Það vinnur ekki gegn sjálfum MS-sjúkdómnum en miðast við að bæta skerta hreyfigetu fólks, ekki síst göngugetuna. Hér segja taugalæknirinn Björn Logi Þórarinsson og MS-konurnar Birna Theodórsdóttir og Margrét Ýr Jónsdóttir frá reynslunni sem komin er á gagnsemi lyfsins.



## Fyrir fólk á ákveðnu fötlunarstigi

Björn Logi Þórarinsson læknir á taugadeild Landspítalans segir MS-sjúklinga skiptast nánast í tvo hópa hvað varðar gagnsemi af notkun Fampyrunnar:

„Það virðist nokkuð skýrt að um það bil 40% hafa gagn af lyfinu og þá um 60% sem hafa alls enga eða slæma reynslu af því. Þetta er sú tölfræði sem birtist í öllum löndum þar sem Fampyra er notuð og mér sýnist það gilda einnig hér á Íslandi.“

### Annað hvort eða ...

*Hvernig lýsir þetta gagn og ógagn sér?*

„Þeim sem svara lyfinu jákvætt þykir öryggi sitt við gang og aðrar hreyfingar hafa aukist. Jafnvægisskynjun er betri, fólk kemst hraðar yfir og þetta höfum við læknar staðfest með ýmsum prófunum, bæði með spurningalistum og ákveðnum gönguprófum með tíma-mælingum. Niðurstöður eru í helstu aðalatriðum þær að fólk bæti sig yfirleitt um 20-30% hvað þessi atriði varðar eða þá að það fæst nánast engin svörun. Það má því orða það svo að annað hvort svari fólk lyfinu eða ekki.“

*En þeir sem finna beinlínis fyrir neikvæðum áhrifum, eða slæmum aukaverkunum?*

„Málið er að notkun lyfsins fylgja nokkrar aukaverkanir, þær eru ekki hættulegar en geta verið óþægilegar. Margir sem lyfið gagnast finna í byrjun fyrir einkennum eins og náladofa í fótum, en það gengur síðan yfir. Viðvarandi aukaverkanir geta til dæmis verið geðræn vandamál eins og kvíði og svefntruflarnir, svimi, höfuðverkur, jafnvægi versnar, jafnvel skjálfti eða skyntruflanir í útlimum, einnig getur borið á ógleði, uppköstum, hægðatregðu, ónotum í maga, verkjum í baki og hrygg og þreytu. Þetta eru ekki hættulegar aukaverkanir en fyrir marga MS-sjúklinga eru þær mjög óþægilegar, sérstaklega þegar jafnvægisskynið versnar eða verkir magnast.“



Björn Logi Þórarinsson: „Fampyra hefur ekki hættulegar aukaverkanir, en þær geta verið óþægilegar.“

Sumir geta þannig bætt virkni sína með lyfinu en fengið jafnframt slæmar aukaverkanir, en þeir eru ekki margir. Það er frekar þannig að fólk finni engar jákvæðar breytingar við notkun lyfsins. Sumir finna sem sé enga virkni yfirhöfuð en málið er að af því rannsóknir hafa sýnt að fólk svarar annað hvort lyfinu eða ekki er lyfið einungis niðurgreitt fyrir þá sem sannanlega svara því. Viðkomandi þarf að bæta virkni sína um 20% prósent eða meira til að fá þessa niðurgreiðslu. Og það þýðir ekkert að reyna að blekkja sjálfan sig eða lækinn í þessu sambandi, ef viðkomandi finnur ekki jákvæðan mun á fyrstu tveimur vikunum, þá mun hann aldrei gera það.“





## Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs

### Reykjavík

A. Margeirsson ehf  
 AB varahlutir ehf  
 Aðalmálun ehf  
 Aðalvík ehf  
 Argos ehf. Arkitektastofa Grétars og Stefáns  
 Arka heilsuvörur ehf  
 Arkitektastofan OG ehf  
 Arkís arkitektar ehf  
 ASK Arkitektar ehf  
 Athygli ehf  
 Auglýsingastofan ENNEMM  
 Áltak ehf  
 ÁM-ferðir ehf  
 Árbæjarapótek ehf  
 Ásbjörn Ólafsson ehf  
 B M Vallá ehf  
 B.Árnason, byggingaþjónusta ehf  
 BabySam  
 Bakkus ehf  
 Ber ehf, vínheildsala  
 Betra púst ehf  
 Bifreiðastillingar Nicolai  
 Bifreiðaverkstæðið Armur

Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar  
 Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar  
 Blaðamannafélag Íslands  
 Blikksmiðjan Glófaxi hf  
 Blikksmiðurinn hf  
 Blómaverkstæði Binna ehf  
 Borgarpylsur  
 Bókaútgáfan Hólar ehf  
 Bókhaldsstofa Haraldar slf  
 Bókhaldsþjónustan Vík  
 Bólsturverk sf  
 Brauðhúsið ehf  
 Brimdal ehf  
 Bros-Gjafaver ehf  
 BSI bifreiðaverkstæði ehf  
 BSR ehf  
 Búálfurinn  
 Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf  
 Central ehf, tannsmíðastofa  
 City Car Rental  
 Comfort Snyrtistofa ehf  
 Danfoss hf  
 Danica sjávarafurðir ehf  
 Dansskóli Jóns Péturs og Köru Valsheimilínu

Dokkan, þekkingar- og Tengslahús  
 Dúktak ehf  
 Dúndur ehf  
 Dýraspítalinn Víðidal ehf  
 Eignamiðlunin ehf  
 Eignaumsjón hf  
 Elding Trading Co ehf  
 Endurskoðun og reikningsskil hf  
 Erla, hannyrðaverslun  
 Fasteignasalan Garður ehf  
 Ferðaskrifstofan VITA  
 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
 Fínka ehf, málningarverktakar  
 Fjallabak ehf  
 Fjármálaeftirlitið  
 Formprent ehf  
 Formverk  
 Fótaaðgerðastofan Gæfuspor, hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2  
 Friendtex á Íslandi, Praxis  
 Frívörverslunin Saxa ehf  
 Frumherji hf  
 Frysti- og kæliþjónustan ehf  
 Fröken Júlía ehf  
 Fuglar ehf

## Allar sjúkdómsgerðir

*Hvernig virkar Fampyra á mismunandi sjúkdómsgerðir MS?*

„Lyfið gagnast þeim sem eru með MS í kastaformi og sitja með einhverja fötlun eftir köstin, og bæði þeim sem eru með frumkomið síversnunarform (PPMS) og síðkomið síversnunarform (SPMS) sjúkdómsins. Það er ekki munur á því, lyfið gagnast ekki síður þeim sem eru með síversnunarformið og nokkrir skjólstæðinga minna með þá sjúkdómsgerð sem eru ekki í lyfjameðferð við bólgu í miðtaugakerfinu hafa haft gagn af því og verið mjög glaðir að finna loksins lyf sem hefur sannanlega jákvæð áhrif á getu þeirra, og sumir þeirra hafa fengið mikla bót. En svo eru sumir sem koma til manns og finnast bara eins og eitruð hafi verið fyrir þeim með lyfinu.“

*En er ekki rakið fyrir MS-fólk að tékka á þessu lyfi, fá úr því skorið hvort það bregst jákvætt við því eður ei?*

„Jú, það er regla hjá okkur að athuga fötlunarstig sjúklinga og ef þeir eru með fötlunarstig á ákveðnu svæði, það er að segja eru komnir með göngulagstruflun en þó ekki bundnir við hjólastól, þá prófum við lyfið. Ég gef sjúklingum mínum aldrei falskar væntingar, ég segi þeim að það séu aðeins meiri líkur á því að lyfið muni ekki gagnast þeim en að vert sé að prófa það. Verkun lyfsins er fólgið í því að hindra starfsemi ákveðinna saltganga í taugum og eykur þar af leiðandi getu taugaþráðanna til að leiða taugaboð. Það er ráðgáta af hverju það dugar bara vel fyrir 40% fólks en líklega er það vegna þess að meirihlutinn er með þannig erfðafræðilega uppbyggingu saltganganna að lyfið verkar ekki á þau. Ef sjúklingur svarar lyfinu einu sinni mun það alltaf gagnast honum. Hins vegar getur honum haldið áfram að versna af emmessinu því þetta lyf hefur ekki hamlandi áhrif á sjúkdóminn sjálfan. En það er eins og fólk spóli getuna til baka um 30%, sem er heilmikið.“

## Tecfidera í töfluformi

*Nú hefur heyrt af nýju hamlandi lyfi gegn MS sem muni brátt koma á markað; hvers konar lyf er það?*

„Þetta lyf kallast Tecfidera, það inniheldur virka efnið dimetylfumarat, og er nýtt lyf sem er einkum notað við kastaformi MS. Það er í töfluformi og virðist hafa svipað góða virkni við að hindra köst og versnun og myndræna sjúkdómsvirkni og lyfið Gilenya sem kom á markað nýlega. Það góða við þetta lyf er að það hefur mildar hættulausar aukaverkanir. Algengustu aukaverkanir eru roði í andliti og ónot í meltingarveginum, hægðatruflanir og slíkt.

En reynslan þykir mjög góð af þessu lyfi. Það er komið á markað í Skandinavíu og við fáum það að öllum líkindum í lok þessa eða byrjun næsta árs. Það merkilega er að þetta lyf var þekkt áður sem lyf við sóríasisjúk-

dómi í Þýskalandi og lengi verið notað þar sem slíkt. Svo tók lyfjafyrirtækið sig til og þróaði það frekar og setur það nú á markað sem lyf við MS, en gamla form lyfsins er áfram notað við sóríasis.

Við hlökkum til að nota þetta lyf. Sú ánægjulega þróun hefur orðið á síðustu árum að ný lyf hafa bæst við Interferónlyfin og Copaxone, eða Tysabri og Gilenya, auk þess höfum við notað í litlum mæli hér á landi lyfið Mabthera, sem er gefið í æð á sex mánaða fresti, um 8-10 sjúklingar eru á því vegna MS og skyldra sjúkdóma.

Og það verður mikill fengur að Tecfidera í staðinn fyrir þessi lyf. Tecfidera hefur hættuminni aukaverkanir en Gilenya. Það nota allmargir Gilenya og munu halda því áfram, það er ef þeir þola lyfið og það hefur fullnægjandi verkun gegn sjúkdómnum að okkar mati. Það sama gildir um þá sem nota Tysabri. Í Svíþjóð er það þannig að Tecfidera er nú fyrsta lyfið sem reynt er á nýgreindum MS-sjúklingum, því það hefur betri verkun en Interferon og Copaxone.“

## Virgni lengi að koma í ljós

*Eru Interferon og Copaxone þá ekki á útleið sem MS-lyf?*

„Mér sýnist framtíðin verða sú. Staðan í dag er þannig að við erum komin með lyf í pilluformi, sem eru jafngóð og í sumum tilfellum betri en sprautulyfin, og hafa mjög vægar aukaverkanir yfirleitt. Það er auðvitað miklu þægilegra fyrir fólk að taka pillur en að fá lyfin í æð. Svo það er nokkuð ljóst í mínum augum að pillur munu smám saman leysa sprautulyfin af hólmi.“

*Er talið í sjálfu sér óheppilegt að skipta um lyf? Að líkaminn bregðist illa við því að breyta úr einu lyfi yfir í annað?*

„Nei, í rauninni ekki, en það tekur nokkra mánuði, allt upp í hálf t.ár, að sjá hvort lyf virkar á einstaklinginn eða ekki.“

*Og á þeim tíma gæti kannski orðið varanleg versnun sem hefði annars ekki orðið?*

„Já, það er hugsanlegt. Það tekur þetta langan tíma fyrir heildarvirgni lyfsins að koma fram hjá einstaklingnum þannig að lækurinn geti lagt ábyggilegt mat á hana. Það er sem sé viss áhætta fólgin í því að skipta um lyf og við gerum það ekki nema aukaverkanir séu óþolandi eða þá að ótvíræð versnun sjúkdómsins haldi áfram þrátt fyrir notkun þess lyfs sem valið var fyrir einstaklinginn.“





## Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs

### Reykjavík

Garðmenn ehf  
Garðs Apótek ehf  
GÁ húsgögn ehf  
GB Tjónaviðgerðir ehf  
Gengur vel ehf  
Gísli Halldórsson ehf  
Gjögur hf  
Gjörvi ehf  
GLÁMA-KÍM arkitektar  
Gluggasmiðjan ehf  
Grandakaffi ehf  
Grásteinn ehf  
Grensáskirkja  
Grettir Guesthouse ehf  
Guðmundur Jónasson ehf  
Guesthouse Aurora-www.aurorahouse.is  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Gunnar Eggertsson hf  
H.N. markaðssamskipti ehf  
Hamborgarabúlla Tómasar  
Haninn ehf, veitingastaður  
Hästens, verslun með rúm  
Hársnyrtistofan Aida  
Hársnyrtistofan Grand  
Hársnyrtistofan Linda  
Heildverslunin Glit ehf  
Helgason og Co ehf  
Hitastýring hf  
Hljóðbók-hljóðvinnslan  
Hljóðfærahusið ehf  
HM Flutningar ehf-www.sendibill.net  
Hópfærðabílar Allrahanda  
Hótel Frón ehf  
Hótel Holt  
Hótel Leifur Eiríksson ehf  
Hreinsandi ehf  
Hreyfimyndasmiðjan ehf  
Hringrás ehf  
Húsalagnir ehf  
Höfðabílar ehf  
Höfðakaffi ehf  
Icelandic Group hf  
löntré ehf  
Í pokahorninu  
Íslensk endurskoðun ehf  
Íslenska auglýsingastofan  
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf  
Íslög-lögmansstofa  
Ísold ehf  
J. S. Gunnarsson hf  
James Bönd  
JE Skjanni ehf byggingaverktakar  
Jens Guðjónsson ehf, skartgripaverslun  
JGG ehf

K. H. G. Þjónustan ehf  
Kaffifélagið  
Kauphöll Íslands hf  
Kemp ehf  
Klöpp Arkitektar-Verkfræðingar ehf  
Kraum-íslensk hönnunarverslun  
Kringlan  
Krydd og Kaviar ehf  
Kvika ehf  
Kvikk Þjónustan ehf  
Kælitækni ehf.  
Landssamtök lífeyrissjóða  
Lausnaverk ehf  
Lárus Þórir Sigurðsson  
Láshúsið ehf  
Lifandi vísindi  
Lindin, kristilegt útvarp  
Listvinahusið, leirkerasmiði  
Litir og fönður, Skólavörðust. 12 & Smiðjuvegi 5  
Lífstykkiþjónustan ehf  
Ljósin í bænum  
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882  
LOG lögmansstofa hf  
Lyfjaver ehf  
Læknasetrið ehf  
Löður ehf  
Lögvís, lögmansstofa  
Löndun ehf  
Matborðið ehf  
Málrameistarar ehf  
MD vélar ehf, www.mdvelar.is  
Millimetri sf  
Nexus affþreying ehf  
Nonnabiti  
Nýi ökuskólinn ehf  
Opin kerfi ehf  
Optic Reykjavík ehf  
Orkuvirki ehf  
Ó. Johnson & Kaaber ehf  
Ólafur Hans Grétarsson, tannlæknir  
Ósal ehf  
Pálmar ehf  
Pétur Stefánsson ehf  
PG Þjónustan ehf  
Pixel ehf  
Pixlar ehf  
Prentsmiðjan Oddi hf  
Procar ehf  
Pökkun og flutningar ehf  
Rafco ehf  
Rafey ehf  
Rafgjafinn ehf  
Rafha ehf  
Rafsvið sf  
Raftækjaþjónustan sf

Rafvel sf  
Rakarastofa Gríms ehf  
Rannsóknarstofan Glæsibæ  
Rarik ohf  
Ráðgjöf ehf  
Reki ehf  
Remax Alpha  
Renniverkstæði Ægis ehf  
Reykjavík Residence Hotel  
Reykjavík letterpress ehf  
Reykjavíkurborg  
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf  
RJ Verkfræðingar ehf  
Rossopomodoro, veitingastaður  
Ræstingafélagið ehf  
Sérefni ehf, málningarvöruverslun  
Silfurberg ehf  
Sínus ehf  
Sjúkraliðafélag Íslands  
Sjúkraþjálfunarstöðin ehf  
Skilvís ehf  
Skóverslunin Bossanova  
Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar  
Smiðjaþjónustan ehf  
Snyrtistofan Gyðjan ehf  
Sportbarinn  
Sport-Tæki ehf  
Sprinkler pípulagnir ehf  
Sproti ehf  
Stansverk ehf  
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar  
Stál og stansar ehf  
Stjörnuegg hf  
Stólpi gámar ehf, Gámaleiga- og sala  
Suzuki bílar hf  
SVP-Samtök verslunar og þjónustu  
Sýningakerfi hf  
Sægreifinn  
Sævon ehf  
Talnakönnun hf  
Tannálfur, tannlæknastofa  
Tannlæknar Mjódd ehf  
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur  
Tannlæknastofa Guðrúnar Haraldsdóttur  
Tannlæknastofa Sigurðar Björgvínssonar  
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf  
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði  
TNB ehf  
Tónastöðin ehf  
Trausti Sigurðsson tannlæknir  
TREX-Hópfærðamiðstöðin  
Tölvar ehf

## Göngugetan aukist um 40%

Margrét Ýr Einarsdóttir greindist með MS árið 1999. Hún er í hópi þeirra sem svara vel Fampyrinni og sendi okkur þessar línur um reynslu sína:

Í mars 2012 fékk ég slæmt kast sem varð til þess að allir útlímur líkamans, nema vinstri hendi, urðu fyrir varanlegri skerðingu, sérstaklega þó fæturnir. Ég fékk mér sérsníðaðar öklaspelkur, spelkur fyrir „dropp-fót“, sem og létta spelku á hægri hendi en ég átti í erfiðleikum með að skrifa, greiða mér, skera matvæli við eldamennsku o.s.frv., jafnframt var jafnvægið mjög slæmt.

Í byrjun febrúar 2013 þvældist ég um internetið og rakst á upplýsingar um lyf í töfluformi sem heitir Fampyra, Ampyra í Bandaríkjunum, sem gæti aukið taugaleiðni í líkamanum og kallaðist „göngulyf“ þar sem það eykur göngugetu einstaklings með MS og með skerðingu í fótum. Ég las mér mikið til um þetta og komst að því að þetta lyf væri með samþykki á Íslandi en Sjúkratryggingar Íslands tækju ekki þátt í kostnaðinum við það. Hins vegar komst ég að því að möguleiki væri að greiðsluþátttaka SÍ hæfist 4. maí 2013.

Ég og eiginmaðurinn minn komumst að þeirri niðurstöðu að bíða ekki, heldur greiða lyfið sjálf, 90.500 kr. fyrir 4 vikur, og láta reyna á lyfið í einn mánuð sem taugalæknir minn samþykkti. Ég hefði getað látið 2 vikur duga en allir voru sammála um að ég tæki 4 vikur. Ég hafði nú ekki mikla trú á þessu lyfi en hafði engu að tapa nema auðvitað peningum varðandi Fampyrinu.

Ég fór í göngugreiningu á Landspítalanum með tvær spelkur og staf.

### Fljótt að virka

Föstudagskvöldið 15. mars 2013 tók ég mína fyrstu töflu. Laugardagurinn fór í rólegheit og mér leið eins og ég væri með smá flensu, annars fann ég ekkert annað. Um miðjan sunnudag fór ég í göngutúr með manninum mínum og það var þá sem ég áttaði mig á því að lyfið væri að virka. Ég hafði fengið fólk í kaffi fyrr um daginn og undir venjulegum kringumstæðum lægi ég fyrir og safnaði orku fyrir kvöldmatinn en þarna var ég orkumikil og meira að segja í smá göngutúr. Eftir nokkra daga fannst mér ég ekki þurfa handarspelkuna og setti hana niður í skúffu, enn liðu örfáir dagar og mér fannst hægri öklaspelkan vera farin að trufla mig og því tók ég hana af mér. Eins tók ég eftir að mér fannst hlutirnir verða einhvern veginn auðveldari en áður, til dæmis að greiða og snyrta mig og ég var orkumeiri og jafnvægið betra.

Tólf dögum eftir að ég byrjaði á Fampyra fór ég í göngugreiningu á LSH aftur til að sjá hvort lyfið virkaði. Ég var með spelku á hægri fæti og engan staf og í ljós



Margrét Ýr Einarsdóttir: „Las mér fyrst til um Fampyra á internetinu.“

kom að göngugetan hafði aukist um 35,5%. Og þá fékk ég bráðabirgða-lyfjaskírteini.

### Engin töfralausn

Þar sem Fampyra fór svona vel í mig ákváðu fjölskyldur okkar hjónanna að styrkja okkur í hverjum mánuði allt þar til SÍ tók þátt í greiðslunni á lyfinu og þökkum við þeim kærlega fyrir þann stuðning, sérstaklega foreldrum mínum sem fóru fyrir þessari söfnun.

Í október sama ár fór ég í aðra göngugreiningu til að fá endanlegt lyfjaskírteini. Þá gekk ég með staf og göngugetan hafði aukist um 40%. Ég hef gengið með staf og hægri öklaspelku síðan.

Þó Fampyra hafi farið vel í mig er það ekki algilt. Ég hef fengið taugaverki í fætur en ég hef lært að lifa með þeim og hef frekar hreyft mig, stundað þrekhjól og rope yoga, til að vinna á þeim. Margir fá mikla verki og svima en það á ekki við um mig. Þó ég sé á Fampyra er ekki þar með sagt að björninn sé unninn. Það sem fólk verður, að mínu mati, að átta sig á er að þetta lyf er engin töfralausn, það getur hjálpað en einstaklingurinn er samt sem áður með MS, með öllu því sem fylgir. Ég hef heyrt í fólki sem segir að Fampyra hætti allt í einu að virka eins og það gerði en þá er það bara sjúkdómurinn sem er að láta vita af sér, hvort sem það er tímabundin eða varanleg versnun. Sjálf hef ég lent í því og þá er



gott að að hafa handspélkuna sem og hægri ökkla-  
spélkuna, eins nota ég Go-go skutlu þegar ég fer í  
lengri verslunarleiðangra.

## Ef tafla gleymist

Fampyra er tekin 2svar á dag á 12 tíma fresti. Ég tek fyrri töfluna mína oftast 8:30 og hvíli mig svo til klukkan 9:00. Seinni töfluna tek ég 19:30, 11 tímum síðar. Þetta er algjörlega mín ákvörðun vegna þess að ég finn áhrif töflunnar fara þverrandi um klukkan 17 og um klukkan 19 er ég farin að bíða eftir kvöldtöflunni. Ég stilli vekjaraklukkuna á símanum til að minna mig á að taka lyfið en þess gerist nú ekki þörf seinnipartinn. Þá daga sem ég þarf að fara fyrir af stað tek ég lyfið ávallt 30 mínútum áður en ég fer af stað inn í daginn og þá þarf ég að hugsa aðeins um hvenær best er að taka lyfið þar sem ég læt ekki minna en 11 tíma líða á milli morgun- og kvöldtöflunnar.



Ég hef einu sinni lent í því að vera alveg ónýt einn dag og varð hrædd því þetta var svo mikil afturför en þá uppgötvaði ég að ég hafði gleymt að taka Fampyra um morguninn. Þetta er eina skiptið sem ég hef gleymt því og örugglega það síðasta.

Ef fólk er í vafa um hvort Fampyra sé að virka mæli ég með því að hætta að taka töfluna í nokkra daga og þá finnur fólk mjög fljótt hvort versnun hafi orðið vegna MS-sjúkdómsins og það getur tekið ákvörðun eftir því.

## Fyrst vel, svo illa

Birna Theodórsdóttir er 66 ára gömul og greindist með MS í ársbyrjun 2009, en segist hafa fundið fyrir mildum einkennum sjúkdómsins um langt árabil.

„Ég greindist með síversnunarform MS og finnst mér mikið hafa hrakað í seinni tíð. Í byrjun þessa árs bauðst mér svo að prófa Fampyru og vænti þess að hressast verulega af því og að göngugetan ykist til muna. Til að byrja með fékk ég hálfsmánaðar skammt til reynslu. Lyfið er tekið tvisvar á dag, eða með tólf tíma millibili. Ég tók fyrri pilluna klukkan tíu að morgni og seinni pilluna tíu að kvöldi. Mér fannst mér fara strax heilmikið fram og leið vel eftir fyrri pillu dagsins. Hins vegar fór ég alveg í klessu eftir seinni pilluna, fékk rosalegan svima og þreytan helltist yfir mig þannig að ég komst varla á klósettið. Þannig var þetta fyrstu þrjá dagana en hætti svo alveg og ég kláraði þennan reynsluskammt glöð í bragði. Ég hresstist svo mikið og aðrir í fjölskyldunni sögðust sjá á mér heilmikinn mun. Það var því engin spurning að ég ætlaði að halda áfram að taka lyfið.

Ég þurfti að bíða í um einn mánuð eftir að fá næsta skammt. Það tók einfaldlega svo langan tíma að afgreiða það í kerfinu, það er að sækja um að fá það niðurgreitt af Tryggingastofnuninni.

Ég fékk næst átta vikna skammt, en nú brá svo við að ég upplifði aftur þennan mikla svima og þreytutilfinningu eftir seinni pillu dagsins – og það hætti ekki eftir nokkra daga eins og á reynslutímanum, heldur var nú viðvarandi. Ég kláraði samt þessar átta vikur og fékk



Birna Theodórsdóttir: „Fjölskyldan sagðist sjá heilmikinn mun á mér.“

annan slíkan skammt, en gafst upp viku seinna. Ég þoldi hreinlega ekki lengur þessar aukaverkanir, þrátt fyrir að mér þætti göngugetan aukast í sjálfu sér.

Og þannig er staðan hjá mér í dag. Ég geri ekki ráð fyrir að reyna Fampyruna aftur, enda skilst mér að verkanlyfsins muni ekki breytast hjá mér fyrst það gerði það ekki eftir níu vikna notkun.“

# Einföld aðferð, flókin framkvæmd

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

**Moshé Feldenkrais (1904-1984) hét rússneskur eðilsfræðingur frá Úkraínu, sem þróaði afar merka líkamsræktartækni eftir að hafa meiðst illa á hné í knattspyrnuleik og verið gefnar litlar líkur á bata með skurðaðgerð. Aðferðin sem hann upphugaði til að lækna sjálfan sig varð uppistaðan í Feldenkraistækninni, sem nýtur nú mikillar virðingar í Evrópu og víðar um heiminn. Margir Íslendingar hafa kynnst Feldenkrais fyrir tilstilli Sibylar Urbancic sem hefur um langt skeið komið hingað tvisvar á ári og haldið námskeið – meðal annars hjá MS-félagi Íslands frá árinu 2001.**

„Upphafið að því að ég fór að halda námskeið hjá MS-félaginu var að ég kynntist Gyðu Ólafsdóttur, þáverandi formanni,“ sagði Sibyl þegar við ræddum saman í MS Setrinu nú á vordögum. „Hún tók þátt í hópnámskeiði hjá mér á vegum Tónlistarskóla Reykjavíkur, en ég veit ekki hvernig hún frétti af því, vegna þess að lítið hafði verið gert til að kynna það á þeim tíma. Ég vissi heldur ekki þá að Gyða væri með MS-sjúkdóminn, enda sást það ekki á henni. Eftir námskeiðið kom hún að máli við mig og sagðist hafa haft svo gott af þessum hreyfingum og sér liði miklu betur. Þá sagði hún mér frá sjúkdómnum og að hún væri formaður MS-félagsins og kom með þá hugmynd að ég kæmi á dagvistina og prófaði að vinna með fólkinu þar.“

## Hvenær kemurðu aftur?

*Þetta var árið 2000 og hálfu ári seinna hélt Sibyl fyrsta námskeiðið fyrir MS-fólk á Sléttuveginum.*

„Gyða hafði hóað saman um 20 manns inn í sal, flestir í hjólastól. Ég leiðbeindi þeim með æfingar varðandi höfuðhreyfingar og augnhreyfingar, hvernig hægt væri að liðka þær og stjórna betur. Og ég man hvað það gladdi mig mikið að eftir tímann rétti kona sem átti mjög erfitt með að tala upp hönd og spurði: Hvenær kemurðu aftur? Þetta var í september og svo þegar ég kom aftur í febrúar 2001 varð ég alveg bit ... Ég hafði unnið með alls konar fólki í alls konar hópum, en það hafði aldrei gerst fyrr en ég kom aftur hingað, að fólkið sem ég hafði

leiðbeint í aðeins einn tíma næstum hálfu ári áður var svo áhugasamt um það sem ég var að gera. Sumt fólkið sagði mér hvernig það hefði prófað sig áfram heima hjá sér með hinar ýmsu hreyfingar og haft mikið gagn af þeim. Það fannst mér alveg dásamlegt.

Síðan hef ég komið hingað einu sinni til tvisvar á hverju ári og þykir alveg unaðslegt að vinna með MS-fólki. Það er svo áhugasamt og hefur líka svo mikla þörf fyrir að líf þess sé gert léttara. Ég skynja það mjög sterkt, því yfirleitt er ég að vinna með fólki sem „ekkert er að“, þannig séð, en aðferðin sem ég kenni er fyrir alla, þótt hver og einn nýti sér hana á sinn persónulega hátt. Enginn er fullkominn og engir tveir eru alveg eins. En þegar þörfin er mikil, eins og hjá MS-fólki, er eftirtektin og áhuginn eftir því meiri. Það er dásamlegt og gefur mér mikið til baka.“

## Gæðin sem búa í okkur sjálfum

*Hver er hugmyndafræðin á bakvið Feldenkrais?*

„Hún er sú að þetta er kennsluáðferð. Og hvernig fer ég að því að kenna? Kenni ég með því að segja fólki hvað það eigi að gera? Eða kenni ég með því að hjálpa fólki að finna út hvað það er að gera og bæta það? Feldenkrais gengur út á hið síðarnefnda. Og í raun og veru finnst mér það eiga við um kennslu almennt. Það ætti að fara eftir því. Það á ekki að troða einhverju ofan í börnin heldur vekja þau til eftirtektar á því hverju þau búa yfir og hvað þau geta gert við það. Þetta er mjög ólíkt því sem almennt ríkir í vestrænum samfélögum þar sem afköst skipta mestu máli og allir eru að keppast um að gera sem mest. Með Feldenkrais horfum við ekki á afköstin heldur leitum eftir gæðunum sem búa í okkur sjálfum. Og til að finna hvernig við getum náð sem mestu út úr þeim þurfum við að fara okkur mjög hægt og gera mjög lítið í einu. Það erfiðasta fyrir fólki á Vesturlöndum er að tileinka sér þennan hugsunarhátt, og til dæmis þegar fólk kemur í tíma sem það hefur greitt peninga fyrir þá er eins og því finnst það þurfa að gera mjög mikið til þess að það borgi sig. En það gerir sér bara ógagn, því það er betra að gera minna og halda sér innan þeirra takmarka sem líkami þeirra og eigið kerfi segir til um.

Að kynnast þessum takmörkum er markmiðið með aðferðinni sem slíkri, með því að taka mark á því sem líkaminn er að segja okkur þá erum við smám saman að færa þessi mörk út. Ef ég held mig við það og fer vel með mig, þá get ég gert meira næst. Og svo koll af kolli. Mjög augljóst dæmi um þetta eru harðsperrur. Við



erum öll þannig, og ég var það líka, að finnast mjög flott að fá harðsperrur því þá getur maður klappað sjálfum sér á öxlina og sagst hafa verið mjög duglegur í gær, af því maður er með svo miklar harðsperrur í dag. Enginn segir manni hins vegar að harðsperrur eru sár á vöðvunum, að í hvert skipti sem maður fær harðsperrur verði til smá ör sem með tímanum hefta hreyfinguleika vöðvanna, þannig að í raun og veru er maður að skaða sig með þessu atferli. Þetta er bara svona áþreifanlegt dæmi um hugmyndafræðina á bak við Feldenkrais-aðferðina.“

## Hver fyrir sig

*Feldenkrais virðist bæði vera einföld og flókin aðferð, er það svo?*

„Já, aðferðin er einföld en framkvæmdin er mjög flókin fyrir heilann í okkur. Gárungarnir kalla þetta stundum heilaleikfimi og fólk þreytist mjög andlega í fyrstu, af því það er ekki vant því að reyna að gera sér svo nákvæma grein fyrir þessum hlutum, þetta krefst mikillar einbeitingar. Og það að fara eftir því og fylgja því ef maður finnur fyrir mikilli þreytu, það er eitt af því sem maður þarf að læra að vinna með.“

Það er mjög einfalt að lyfta handlegg og láta hann svo síga niður, það getum við öll gert. En það er mjög flókið að finna út hvað er að gerast á meðan í öxlinni, rifbeinunum, hvernig það samræmist önduninni, væri auðveldara að lyfta handleggnum einhvern veginn öðruvísi – allt sem tengist þessari hreyfingu er ótrúlega flókið. Líkaminn býr yfir svo mörgum flóknum kerfum. Og vegna þess hve við erum flókin kerfi er lögð áhersla á að reyna ekki að breyta einhverju viljandi þó svo maður finni að eitthvað sé auðveldara með öðrum hætti. Um leið og við erum flókin tökum við bara eftir einu atriði í senn – og það eru kannski 496 önnur atriði í gangi um leið, sem við getum ekki stjórnað, en miðtaugakerfið gerir það. Og með því að vekja athygli miðtaugakerfisins á þessu byrjar það að jafna hlutina út. Það er aðalhlutverk miðtaugakerfisins og þegar Feldenkrais byrjaði á þessu sjálfur fór hann út í læknisfræði og líffræði og kynnti sér þetta frá öllum mögulegum hliðum, þannig að það er mjög breiður grundvöllur fyrir þessu hjá honum, fræðilega séð.“

*En væri þá ekki best að vera í einkatímum í Feldenkrais?*

„Ég er mikið með fólk í einkatímum, en kennslan byggist í rauninni á því sama þótt ég sé með hópa. Vegna þess að það finnur hver og einn út úr þessu á sinn hátt, fyrir sig. Útkoman getur verið svipuð hjá flestum í hópnum en aldrei alveg eins. Það sem ég sting upp á að fólk geri – og spurningarnar sem ég bið fólk um að leggja fyrir sjálft sig – það gefur hverjum og einum sína niðurstöðu.“



Sibyl Urbancic fæddist í Austurríki árið 1937 en fluttist á öðru aldursári ásamt foreldrum sínum til Íslands, þar sem hún ólst upp og bjó til 21 árs aldurs. Sibyl er orgelleikari og kórstjóri að mennt og hefur starfað við tónlist alla sína ævi, lengst af í Vín í Austurríki þar sem hún býr. Undanfarna tvo áratugi hefur hún helgað drjúgan tíma kennslu í Feldenkraistækni samhliða tónlistinni.

*Þannig að í rauninni snýst þetta um sömu hlutina, hvort sem fólk er „heilbrigt“ eða „sjúkt“?*

„Algjörlega. Feldenkrais neitaði því sjálfur að til væri eitthvað sem hétu „fötlun“. Hann sagði að annað hvort værum við öll fötluð eða enginn. Hann gerði ekki mun á því sem við köllum fötlun og miðast mikið við hvort fólk sé hæft á vinnumarkað eða ekki. En það er margt annað sem greinir á milli fólks. Hugmyndir okkar um fötlun eru þannig alltof þröngar og háðar okkar þjóðfélagskerfi, okkar lífsstíl.“

*Nú kemur þú hingað tvisvar á ári og heldur námskeið. Er nóg að fara á eitt eða nokkur námskeið og læra grundvallaratriði sem maður heldur síðan áfram að vinna með – eða sækir fólk til þín árum saman?*

„Úti í Austurríki kemur enn til mín fólk sem ég kenndi þegar ég byrjaði á þessu. Sérstaklega ein kona sem er með MS á nokkuð háu stigi og kom til mín á fyrsta árinu sem ég kenndi og hefur haldið því áfram alla tíð. Í því sambandi vil ég þó taka fram að maður verður ekki háður þessari aðferð, það er ekki þess vegna sem fólk heldur áfram að koma til mín heldur vegna þess að við komumst alltaf betur og betur að því hvað það er ótæmandi sem hægt er að kynna sér og prófa og gera öðruvísi. Við erum svo flókin að við komumst aldrei til botns í þessu. Við erum þannig aldrei búin að læra



Sibyl leiðbeinir MS-fólki á námskeiði í MS Setrinu.

